



Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum 2014

Umsögn um stjórnarhætti: Fjarskipti hf.

Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nasdaq OMX Iceland hf. og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands hafa tekið höndum saman um að efla eftirfylgni íslenskra fyrirtækja hvað varðar góða stjórnarhætti. Í þeim tilgangi er fyrirtækjum veitt tækifæri til að undirgangast formlegt mat á starfsháttum stjórnar og stjórnenda. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur það mat með höndum. Söfnun gagna fer fram hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum sem Rannsóknarmiðstöðin telur hæfa til verksins. Rannsóknarmiðstöðin byggir mat sitt í meginatriðum á því hvort gögnin gefi til kynna að viðkomandi fyrirtæki fylgi leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og NASDAQ OMX Iceland hf. gefa út. Þau fyrirtæki sem standast matið á framangreindum forsendum er veitt nafnbótin **Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum** (e. Excellence in corporate governance) sem þeim er að öllu jöfnu heimilt að nota í starfi sínu í eitt ár frá veitingu hennar. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst veitt til þess að ýta undir umræður og aðgerðir sem efla góða stjórnarhætti. Markmiðið er að matsferlið auki trúverðugleika og gagnsæi stjórnarháttar fyrirtækja gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum.

Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti hefur ákveðið að fyrirtækið Fjarskipti hf. fái viðurkenningu sem *Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum*. Meðfylgjandi umsögn er byggð á úttekt á stjórnarháttum sem unnin var af KPMG í september 2014.

Niðurstaða úttektar KPMG á stjórnarháttum Fjarskipta hf gefur skýra mynd af stjórnarháttum fyrirtækisins og bendir til þess að fyrirtækið geti að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar þegar kemur að góðum stjórnarháttum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úttektar og umsögn Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti fyrirtækisins:

Hlutverk stjórnar:

Til fyrirmyndar: Hlutverk stjórnar er að marka félaginu stefnu og að hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Stjórn hefur skilgreint hvaða ákvarðanir teljast vera óvenjulega og mikilsháttar.

Hvað má betur fara: Stjórnin hefur ekki skilgreint með formlegum hætti hvernig hún ætlar að vinna með framkvæmdastjóra og hafa eftirlit með störfum hans.

Verkefni stjórnar:

Til fyrirmyndar: Verksvið og verkefni stjórnar eru í samræmi við starfsreglur stjórnar. Stjórnarmenn gera árlega endurmat á störfum stjórnarinnar í samræmi við starfsreglur stjórnar, hvað varðar verklag og starfshætti, þróun félagsins, frammistöðu framkvæmdastjóra og undirnefnda.

Hvað má betur fara: Áætlun um áhættustjórnun er ekki til staðar líkt og starfsreglur stjórnar gera ráð fyrir.



Rannsóknarmiðstöð
um stjórnhætti

Skipulag stjórnar:

Til fyrirmyndar: Stjórnin hélt 17 stjórnarfundi frá maí 2013 til maí 2014, í tvær klukkustundir að jafnaði. Haldinn er árlega starfsdagur stjórnar þar sem farið er ítarlega yfir starfsemi félagsins. Allar fundargerðir er hægt að nálgast á rafrænni stjórnarvefgátt. Bókað er sérstaklega ef stjórnarmenn eiga óformleg samskipti á milli funda. Fjórar undirnefndir stjórnar eru starfandi: Endurskoðunarnefnd, starfskjaranefnd, tækninefnd og tilnefningarnefnd.

Hvað má betur fara: Stjórnin mætti skilgreina hvaða upplýsingar hún þarf að fá og hvort að þörf sé fyrir upplýsingar sem koma frá óháðum útektaraðilum. Stjórnarháttalýsing á heimasíðu hefur ekki verið uppfærð eftir að tilnefningarnefnd tók til starfa hjá félaginu.

Starfshættir stjórnar:

Til fyrirmyndar: Starfsreglur stjórnar voru samþykktar í maí árið 2014 og félagið hefur jafnframt siðareglur þar sem fjallað er um samfélagslega ábyrgð og reglur um viðskiptahætti. Stjórnin kannar reglulega hvort hún vinni samkvæmt starfsreglum og gerir endurmat á stjórnháttum.

Hvað mætti betur fara: Ekki er til staðar sérstök stefna um samfélagslega ábyrgð.

Stjórnarmenn:

Til fyrirmyndar: Stjórnarmenn virðast hæfir til þess að sitja í stjórn félagsins og hafa fjölbreytta þekkingu og reynslu. Stjórn félagsins árið 2014 samanstendur af fimm stjórnarmönnum og stjórnina skipa: Heiðar Guðjónsson (formaður), Anna Guðný Aradóttir, Hildur Dungal, Hjörleifur Pálsson og Vilmundur Jósefsson. Stjórnarmenn eru á aldrinum 42 – 65 ára og er meðalaldur stjórnarmanna 52 ár. Stjórnarmenn eru 60% karlar og 40% konur.

Með úttekt þessari er reynt eftir fremsta megni að leggja mat á hvort umrætt fyrirtæki fylgi áðurnefndum leiðbeiningum um góða stjórnhætti, byggt á þeim gögnum sem aflað er. Úttektin felur því ekki í sér endanlega staðfestingu á að allir þættir í stjórnun og rekstri fyrirtækjanna standist lög, reglugerðir, alþjóðleg viðmið eða tilmæli opinberra aðila. Úttektin ætti eigi að síður að veita hagsmunaaðilum mikilvæga innsýn í hvernig stjórnir og stjórnendur fyrirtækjanna haga störfum sínum almennt.